

**Nd.**

### **734. Frumvarp**

til laga um meðlög með börnum ekkna.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Thor Thors.

#### **1. gr.**

Þegar ekkja, sem rétt á til framfærslu hér á landi og börn hefir á framfæri sínu, eitt eða fleiri, á við þau kjör að búa, að hún, að dómi valdsmanns þar, sem hún á heima, er ekki einfær um að kosta framfærslu þeirra og uppeldi, á hún rétt á, að valdsmaðurinn úrskurði henni meðlag samkvæmt lögum þessum.

#### **2. gr.**

Kveða skal upp úrskurð um meðlag með hverju barni um sig, sem er innan 16 ára aldurs og á framfæri ekkjunnar. Þó er valdsmanni ekki skylt að úrskurða meðlag með öllum börnunum, ef fleiri eru en eitt og hann telur, að meðlag með einu þeirra eða fleirum muni nægja til að ekkjan geti kostað framfærslu allra barnanna. Sérhver úrskurður skal hljóða á nafn ákveðins barns, og séu ekki kveðnir upp úrskurðir með öllum börnunum, skulu úrskurðir hljóða á nafn hinna yngstu. Valdsmaður getur fjölgað úrskurðum og einnig fellt úrskurði úr gildi, ef honum þykir ástæða til, sökum breyttra ástæðna ekkjunnar. Neitun valdsmanns á að kveða upp úrskurð og niðurfelling úrskurðar má jafnan áfrýja til stjórnarráðsins.

#### **3. gr.**

Upphæð meðlags samkvæmt hverjum meðlagsúrskurði skal vera jöfn meðalmeðlagi í þeirri sveit, er ekkjan dvelur.

#### 4. gr.

Ekkjan getur krafizt meðlags samkvæmt lögum þessum af dvalarsveit sinni, fyrirfram fyrir þrjá mánuði í senn. Þó er dvalarsveitinni ekki skylt að inna af höndum greiðslu, sem ekki er krafizt fyrr en ár er liðið frá því að hún varð gjaldkræf. Þegar greiðslu er krafizt, er skylt að sýna úrskurð og lifsvottorð barnsins, sé þess óskað.

Dvalarsveitin á rétt á endurgreiðslu úr rikissjóði á helmingi allra meðlagsgreiðslna, sem hún innir af höndum samkvæmt lögum þessum.

Styrkur samkvæmt lögum þessum telst ekki sveitarstyrkur og er óafturkræfur.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

### Greinargerð.

Mæðrastyrksnefndin hefir annazt um sameiningu frv. þessa og ráðið efni þess. Hún hefir árum saman barizt fyrir þeirri hugmynd, að komið yrði á mæðrastyrkjum, en um það stöndum við enn langt að baki annara þjóða. Þó að væntanleg sé löggjöf um alþýðutryggingar, þótti nefndinni ekki fært að biða með þetta frv., því henni er svo kunnugt um neyð margra ekkna, og hver mánuður, sem liður, hefir þýðingu fyrir líf og heilsu þeirra og barna þeirra. Ekkjur standa nú mun verr að vígi um framfærslu barna sinna en ógiftar mæður, sem hafa rétt á meðlagsgreiðslu skv. úrskurði, þó barnsfaðirinn sé dáinn, og er þessu frv. ætlað að koma á jafnrétti í því efni. Vanræksla þjóðarinnar á því að sjá börnum fyrir góðu og hollu uppeldi kemur henni síðar í koll í auknum sjúkra- og framfærslukostnaði. Rannsókn hefir leitt í ljós, að af þeim börnum, sem veikluð eru í barnaskóla hér í Reykjavík, eru tiltölulega flest börn ekkna. Þar er því þörfin mest aðkallandi.

Um einstakar gr. frv. skal þetta tekið fram:

#### Um 1. gr.

Lögin ná aðeins til ekkna, sem hafa á framfæri sínu börn á framfærslu-aldri. Réttast þykir að láta mat á því, hvort ekkjan er styrkþurfi, heyra undir valdsmann. Ætti þá að vera tryggt, að hlutdrægnislaust sé á málavöxtu litið.

#### Um 2. gr.

Sé ekkjan hjálparþurfi sökum ómegðar, en valdsmanni þykir þó ekki nauðsyn til bera, að hún fái meðlag með öllum börnum sínum, vegna þess að aðrar tekjur ekkjunnar mundu nægja til framfæris henni og einu eða fleiri af börnum hennar, er honum ekki skylt að kveða upp úrskurði um meðlag með öllum börnunum. Rétt þykir, að stjórnarráðið hafi endanlegt úrskurðarvald, ef valdsmaður neitar að kveða upp úrskurð eða fellir úrskurð úr gildi.

#### Um 3. gr.

Upphæð hvers úrskurðar skal hljóða á meðalmeðlag, eins og það er ákveðið á hverjum tíma, og hækkar því eða lækkar, ef meðalmeðlag breytist.

#### Um 4. gr.

Sanngjarnt er, að styrkurinn skiptist þannig, að rikissjóður og dvalarsveit greiði sinn helminginn hvor. Að því er snertir dvalarsveitina, þá er hún að jafnaði einnig framfærslusveit ekkjunnar, og mundi sem slík oftast verða að greiða framfærslustyrk til hennar, þótt þessi lög kæmu ekki til. Þar eð styrkur samkvæmt þessum lögum mundi að sjálfsögðu vera veittur í ýmsum tilfellum, þar sem ekki hefði ella verið veittur sveitarstyrkur, þá er rétt, að sá útgjaldaauki lendi fremur á rikissjóði en hreppsfélagunum.